



Áveitan

4. tbl. 19. árgangur. Apríl 2026

FÖGNUM SUMRI Á HEILSUEFLANDI HÁTT.

VÍÐAVANGS HLAUPIÐ



HLAUPIÐ ER UM 1500 M LANGT OG
HENTAR FÓLKI Á ÖLLUM ALDRI.
HVER FER Á SÍNUM HRAÐA.

23.04.26

HLAUPIÐ VERÐUR Á ÞJÓRSÁRBÖKKUM OG LAGT AF STAÐ VIÐ
AFLEGGJARANN AÐ ÁRPRÝÐI.

SKRÁNING FER FRAM Á STAÐNUM OG HEFST KL. 13:30 EN HLAUPIÐ VERÐUR
RÆST KL. 14:00

AÐ LOKNU HLAUPI FÁ KEPPENDUR ÞÁTTTÖKUVERÐLAUN OG BOÐIÐ VERÐUR
UPP Á SVALADRYKK. SIGURVEGARAR Í KARLA- OG KVENNAFLOKKI FÁ
FARANDVERÐLAUNAGRIP.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



**Kæru íbúar og aðrir áhuga-
samir lesendur.**

Tíminn flýgur áfram. Við bíðum þó enn eftir að vorið láti almennilega á sér kræla eftir þennan góða vetur. En við vitum þó að eftir vetri kemur vor!

Það er mikið um að vera í starfsemi sveitarfélagsins þessar vikurnar. Öll hefðbundin starfsemi er á fullu og við það

bætist svo undirbúningur framkvæmda og viðhaldsverka sumarsins, skipulag og undirbúningur vinnuskólans og margt fleira. Á sama tíma er núverandi sveitarstjórn við það að klára kjörtímabilið en sveitarstjórnarkosningar fara fram þann 16. maí næstkomandi.

Þó að það styttist í kosningar má hvergi slaka á. Þjónusta við íbúa, verkefni, fjárfestingar og framkvæmdir sem ákveðið hefur verið að ráðast í skv. gildandi fjárhagsáætlun eru hlutir sem þurfa að halda áfram burtséð frá kosningum á fjögurra ára fresti.

Til að telja upp nokkur af verkefnum sumarsins þá stendur til að endurnýja klæðningu á Þjósárveri en hún er komin til ára sinna og farið að sjá verulega á húsinu að utan. Samhliða því verður farið í að skipta um þá glugga sem á eftir að skipta um og amk eina útihurð. Þetta er fasteign sem er vel nýtt af skóla, félagsmiðstöð, ungmennahúsi og starfi eldri íbúa.

Einnig stendur til að breyta aðgengi á skrifstofu sveitarfélagsins í sumar og tryggja þannig aðgengi fyrir alla en í dag



er ekki fullnægjandi aðgengi fyrir einstaklinga í hjólastól á skrifstofu sveitarfélagsins. Það verður mikil bylting að ganga alla leið í þeim efnum.

Mörg smærri og stærri verkefni eru framundan í uppbyggingu vatnsveitunnar. Má þar t.d nefna að endurnýja á stofn meðfram Hamarsveginum og samnýta þannig framkvæmdir Rarik sem eru að fara að setja loftlínu í jörð á þeim slóðum. Klárað verður að tengja allar heimtaugar og stofna ef eldri lögn við Þjóðveg 1 yfir á nýrri lögn en þessa dagana er verið að klára nýja dæluhúsið við Uppsálaveg þannig að það sé klárt að færa þær heimtaugar og stofna sem við á yfir á nýrri lögnina. Með þessari framkvæmd eru bundnar vonir við stöðugri þrýsting á þessu svæði enda er eldri lögn sem þarna liggur orðin léleg og lekar tíðir.

Verið er að undirbúa viðbyggingu við Flóaskóla. Aðaluppdrættir eru klárir og nú er unnið að yfirferð verðkönnunar vegna lagnahönnunar. Stefnt er að því að fara í jarðvinnu og undirbúning vinnusvæðis í sumar á meðan á sumarleyfi nemenda stendur en mikilvægt er að tryggja öryggi nemenda eins og kostur er á meðan á þessum framkvæmdum stendur.

Sveitarstjórn ákvað að falla frá því að kaupa tvö iðnaðarbil í Heiðargerði 6 og reisa í stað þess um 240 fermetra áhaldahús á lóð sveitarfélagsins í Heiðargerði 1. Vonir eru bundnar við að hægt verði að hefja þær framkvæmdir í sumar. Áhaldahús mun til dæmis nýtast starfsmönnum á fasteignasviði sveitarfélagsins, til geymslu á vélum, verkfærum, húsbúnaði, efni vatnsveitunnar og ljósleiðarans. Í stækkandi sveitarfélagi er mikilvægt að rými sé til að geyma verðmæti og eignir til að farið sé sem best með eignir okkar allra.

Framkvæmdir við nýja íbúðabyggð við Þingborg miðar vel og eru samkvæmt áætlun. Stefnt er að því að framkvæmdum við gatnagerð og veitur verði lokið í júní n.k.

Til viðbótar ofangreindu eru hefðbundin viðhaldsverkefni í fasteignum sveitarfélagsins ávallt í gangi en við höfum reynt að gera vel í að sinna viðhaldi á fasteignum og lóðum undanfarið ár. Sveitarfélagið á að hafa metnað fyrir því að lóðir og fasteignir sveitarfélagsins séu til fyrirmyndar hvað varðar

umgengni og aðkomu.

Aðgengi í sund fyrir börn, ungmenni og eldri borgara

Frá 1. apríl fellur samningur Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar um aðgang að sundstöðum úr gildi. Sveitarstjórn ákvað að gera breytingar á því fyrirkomulagi þannig að börn, ungmenni og eldri borgarar geti keypt sundkort eða aðgang að sundstöðum upp að ákveðinni upphæð hvar sem viðkomandi velur sjálfur. Sótt er svo um endurgreiðslu hjá sveitarfélaginu skv. reglum sem sveitarstjórn setur. Þetta nýja fyrirkomulag verður kynnt nánar á heimasíðu sveitarfélagsins á næstu dögum en sveitarstjórn tekur fyrir reglur um endurgreiðslu vegna aðgangs að sundstöðum á fundi sínum þann 7. apríl.

Menningarstyrkur 2026

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2026 sbr. Reglur um úthlutnum styrkja til menningarmála. Sækja þarf um styrkinn fyrir 15. apríl. Nánar um styrkveitingu má sjá hér: <https://www.floahreppur.is/is/frettir/umsoknir-um-menningarstyrk-2026>

Stóri plokkdagurinn 2026 og hreinsunarátak

Sveitarstjórn hvetur íbúa til að taka þátt í Stóra plokkdeginum sem haldinn verður um allt land sunnudaginn 26. apríl. Þátttakendur mega skilja eftir rusl sem hefur verið plokkað af víðavangi í Flóahreppi í lokuðum ruslapokum við gáma hjá Þingborg, Þjórásarveri og Félagslundu á þessum degi og munu starfsmenn sveitarfélagsins sjá um að koma því í viðeigandi farveg.

Stóri plokkdagurinn er góður tímapunktur til að hefja allsherjar hreinsunarátak í sveitarfélaginu sem endar svo á opnum dögum á gámasvæðinu í Hrísmýri í lok maí. Svæðið verður þá opið fyrir íbúa, fasteignaeigendur og atvinnurekendur í Flóahreppi en á þeim dögum þarf ekki að nota inn eignarkortið en sýna þarf þó framá að viðkomandi sé að

koma úr Flóahreppi t.d með því að sýna kortið.

Opnu dagarnir verða nánar auglýstir síðar.

Við hvetjum íbúa í sveitarfélaginu til að taka til hendinni í apríl og maí og nýta sér gámasvæðið til að losna við úrgang sem fellur til utan hefðbundins heimilisúrgangs.

Atvinnurekendur eru sérstaklega hvattir til þess að huga að lóðum sínum og fjarlægja lausafjarmuni og úrgang af lóðum sínum. Minnum einnig á grenndargámana fyrir gler, málma og textíl við Þingborg og Félagslund. Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is.

Fjör í Flóa 2026

Fulltrúar í íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd eru á fullu að undirbúa vorhátíðina okkar Fjör í Flóa sem haldin verður 15.-16. maí. Hátíðin er snemma þetta árið sem skýrist af tímasetningu sveitarstjórnarkosninga. Við hvetjum íbúa til að fylgjast nánar með fréttum og dagskrá á facebook síðu Fjörs í Flóa og á heimasíðu Flóahrepps.

Óskum eftir starfsmönnum í vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2026

Flóahreppur starfrækir vinnuskóla á sumrin í 7 vikur á tímabilinu frá júní og fram yfir miðjan júlí. Verið er að vinna úr umsóknum um störf verkstjóra.

Vinnuskólinn er opinn fyrir unglunga sem eiga lögheimili í Flóahreppi. Verkefni eru fjölbreytt og eru aðal starfssöðvar þrjár eða við Þingborg, Þjórsárver/Flóaskóla og Félagslund en verkstjórar stýra hvar starfsmenn mæta hvern dag. Í ár er gert ráð fyrir því að unglingar fæddir 2010-2012 eigi kost á vinnu í 6 vikur og þeir sem fæddir eru 2013 eigi kost á vinnu í 2 vikur í samráði við verkstjóra.

Sótt er um með rafrænni umsókn sem má finna á heimasíðu Flóahrepps:

<https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps>

Athugið að foreldri/forráðamaður þarf að fylla út umsóknina

með barni sínu og hefur starfsmaður Flóahrepps samband til að staðfesta starf við vinnuskólann. *Umsóknarfrestur er til og með 22. maí.*

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist á netfangið thingborg@gmail.com.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 7. apríl kl. 17:00 í Þingborg. Sveitarstjórn fundar almennt fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði og skulu erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is tímanlega fyrir fund og almennt eigi síðar en kl. 12:00 á föstudegi fyrir fund.

*Með kærri páskakveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Hestafl Verktakar

Nú er vorið handan við hornið.

Við erum klárir í vorverkin og bjóðum upp á alhliða lausnir.

Við erum vel tækjum búnir og tökum að okkur jarðvinnslu, gröfu-vinnu, áburðardreifingu, flutninga, heyskap og rúllun.

Endilega hafið samband ef þið viljið nýta ykkur þessa þjónustu.

Victor Örn S.789-7675





FJÖR Í FLÓA

VELKOMIN Í FLÓAHREPP

14.- 16. maí



ÍBÚAR Í FLÓAHREPPI BJÓÐA
GESTI VELKOMNA Á ÞESSA
STÓRSKEMMTILEGU FJÖLSKYLDU
OG MENNINGARHÁTÍÐ SEM ER
STÚTFULL AF SKEMMTUN

HLÖKKUM TIL AÐ



SJÁ YKKUR

Finndu okkur á : Flóahreppur.is
FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



FLÓAHREPPUR



Kvenfélögin í
Flóahreppi



HEILSUEFLANDI
samfélag
velliðan fyrir alla



FRAMFARALISTINN FLÓAHREPPI X-I



1 Árni Eiríksson

Teymisstjóri og oddviti
Skúflæk II Norður bæ



2 Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri og
sveitarstjórnarfulltrúi
Forsæti 2



3 Walter Fannar
Kristjánsson

Lögfræðinemi og
sveitarstjórnarfulltrúi
Litlu-Reykjum



4 Hrafnhildur H.
Guðmundsdóttir

Reiðkennari og
sérfræðingur
Hólshúsum



5 Hjalti Guðmundsson

Húsasmíðameistari
kennari
sveitarstjórnarfulltrúi
Smalaskála



6 Sveinn Orri Einarsson

Vélfraeðingur
Egilsstaðakoti



7 Sigrún Hrefna
Arnardóttir

Kjólaklæðskeri og
ferðaþjónustubóndi
Skyggnisholti



8 Sigurjón Reynisson

Nemi í rafvirkjun
Hurðarbaki



9 Helena Hólm

Hársnyrtimeistari
ferðaþjónustubóndi
Skálátjörn



10 Stefán Geirsson

Bóndi
Gerðum

Artstjóri
Auclair
Photographie

Sæthe
Sællan
Gleypiana

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 16 MAÍ 2026





Messuhald í Flóahreppi um páskahátíðina

5. apríl páskadagur

Hraungerðiskirkja

Hátíðarmessa kl. 14:00.

Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar
sungnir.

Prestur Gunnar Jóhannesson.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn
syngur

6. apríl annar páskadagur

Villingaholtskirkja

Hátíðarmessa kl. 11:00.

Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar
sungnir.

Prestur Axel Árnason Njarðvík.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn
syngur.

ATH breytta tímasetningu á messunni

6. apríl annar páskadagur

Gaulverjabæjarkirkja

Hátíðarmessa kl. 14:00.

Hátíðarsöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar
sungnir.

Prestur Axel Árnason Njarðvík.

Kantor Pétur Nói Stefánsson, kirkjukórinn
syngur

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps

verður haldin þriðjudaginn þann 21. apríl, klukkan 20:30 í fjósinu á Stóra-Ármóti.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Umræða og kosning um sameiningu á búnaðarfélögunum í Flóanum og tillögu þess efnis.

Kveðja, Stjórnin

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar

fer fram í Villingaholtskirkju, fimmtudaginn 9. apríl kl. 20.00.

Dagskrá fundar:

Fundargerð síðasta fundar lesin

Skýrsla formanns sóknarnefndar

Reikningar sóknar og kirkjugarðs

Umræður og samþykkt reikninga

Fréttir frá héraðsnefnd

Kosning skoðunarmanna reikninga

Umræða um framkvæmdir

Önnur mál

Hvetjum ykkur til að mæta á fundinn.

Sóknarnefnd Villingaholtssóknar

Sleifin 2026

Ágætu konur í Flóahreppi, Sleifarkvöldið okkar góða verður fimmtudaginn 7.maí í Þingborg. Það verður á þjóðlegum nótum, nánar um það síðar.

Endilega takið daginn frá.

Stjórn Kvenfélags Hraungerðishrepps

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna verður í Félagslundi fimmtudaginn 16. apríl kl 13.

Guðmundur Jóhannesson ráðunautur hjá RML fer yfir niðurstöður skýrsluhaldsins og kynbótastarfið.

Kaffiveitingar, verðlaunaafhendingar og venjuleg aðalfundarstörf. Mætum vel á fundinn.

Stjórnin

Kaffihittingur 60 +

Við höldum áfram að hittast í kaffi í Þjórsárveri í apríl. Fyrri kaffihittingur mánaðarins verður þann 8. apríl og sá seinni verður 29. apríl.

Að vanda hittumst við milli kl.16-18 og opnar húsið kl 15:30.

Sjáumst sem flest.

Kveðja, Nefndin

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

verður haldin þriðjudaginn 14. apríl n.k. kl 20:00 í félagsheimilinu Félagslundi.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Umræður um sameiningu á búnaðarfélögum í Flóanum og kosning um tillögu þess efnis.

Kveðja, Stjórnin

Fréttir frá Flóaskóla

Tvær afar frambærilegar og vel heppnaðar leiksýningar settu svip sinn á marsmánuð.



Elsta stig sýndi Næturvaktina þar sem skyggst var inn í störf þeirra félaga Georgs, Ólafs og Daníels á glænýrri bensínstöð við nýju



Ölfusárbrúnna. Stórskemmtilegur farsí þar sem nemendur sýndu frábæran leik og stórgóða sviðsframkomu. Tækni- vinna, fjáröflun, kynning og öll umgjörð sýning-

anna var til fyrirmyndar hjá öllum sem að þeirri vinnu komu.

Miðstig skólans sýndi svo Mamma Mia, sem byggði á samnefndum söngleik um Donnu, dóttur hennar Sophie og leit hennar að föður sínum. Þeir



nemendur stóðu sig ekki síður en þeir eldri. Þar var einnig á ferð afar metnaðarfull sýning með leik, söng, dansi og glæsilegri leikmynd. Það má með sannri segja að söng- og leiklistarstarf í skólanum sé í miklum blóma og við erum afar stolt af nemendum og öllu því starfsfólki sem leggur á sig ómælda vinnu til að skila þessum frábæru sýningum sem bestum til áhorfenda.

Á öllu alvarlegri nótum voru matsferilsprófin en fyrirlögn þeirra tók drjúgan tíma í mars. Allir nemendur í 4.-10. bekk hafa nú lokið þeim prófum.

Suðurlandsmót grunnskólaveita í skák fór fram í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 3. mars. Þar áttum við stóran hóp keppenda, 33 nemendur, sem stóð sig mjög vel. Í yngri flokknum varð okkar A sveit í öðru sæti, frá-bær árangur og hefur skákáhugi vaxið umtalsvert í skólanum í kjölfar mótsins. Foreldrafélag skólans hefur stutt dyggilega við starfið með því að gefa skólanum skáklukkur, taflborð og taflmenn, kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Smá gluggi kom milli lægða síðustu vikuna fyrir páska og þá fór elsta stigið í hina geysivinsælu skíða-ferð á skíðasvæði Tindastóls. Allt gekk mjög vel og mikil ánægja meðal nemenda en ferðina þurfti þó að stytta um eina nótt vegna veðurs.

Uppskeruhátíð miðstigskórsins okkar í samstarfi við jafnaldrá þeirra í Hvolsskóla verður í Skálholtskirkju miðvikudaginn 15. apríl kl 17:00. Þar halda kórarnir sameiginlega tónleika sem spennandi verður að hlýða á.

Í apríl verður það svo yngsta stig sem á sviðið en þau ætla að takast á við hið sívinsæla verkefni Línu langsökk. Stefnt er að þeirra leiksýningu 22. apríl.



Gleðilega páska
Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir

Börn eru á
ábyrgð
foreldra

ÍPRÓTTA

SKÓLI

12.
APRÍL

KL: 10:00-11:00

26.
APRÍL

Börn fædd
2020, 2021,
2022, 2023

Við ætlum að prófa að hafa ípróttaskóla tvisvar í
vor fyrir krakka í sveitinni, hvetjum alla til að
mæta með börnin sín 12. og 26.apríl í Þingborg.
Engin skráning heldur bara mæta með góða
skapið.

Þjálfarar: Guðmunda Bríet og Hanna Dóra:
hannadorahoskulds@gmail.com fyrir nánari upplýsingar



FULLORÐENS ÞJÓTANDAÆFING

Fyrsta Þjótanda æfingin gekk vel og þá er ekkert annað í stöðunni en að halda þessu áfram og höfum við ákveðið næstu tvær æfingar sem verða núna í apríl. Vonandi sjáum við sem flesta!

16.
apríl

Í Þingborg

Kl: 20:00

Allir 18 ára og eldri eru velkomnir

Guðmunda og Hanna Dóra verða með yfirumsjón á æfingunum

Alls konar leikir og fjör, bara mæta með íþróttaskóna og góða skapið

30.
apríl



Ef þið hafið einhverjar nánari vangaveltur þá megið þið senda póst á hannadorahoskulds@gmail.com




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur
vellíðan fyrir alla

Úrslit móta
Meistaramót Íslands

28.febrúar-1.mars 2026 Laugardalshöll

Helgi Reynisson

Hástökk - 1,75m - 4.sæti

Stangarstökk - 4,03m - 4.sæti

Bikarkeppni FRÍ

7.mars 2026 - Kaplakrika

Helgi Reynisson

Langstökk - 5,92m - 7.sæti - PB

Hástökk - 1,80m - 2.sæti

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri

8.mars 2026 - Kaplakrika

Kristján Reynisson

1500m - 5:42,95 - 7.sæti - PB

Héraðsmót HSK

21.mars 2026 - Kapphal höllin Selfossi

Helgi Reynisson

Stangarstökk - 3,60m - 1.sæti

Kristján Reynisson

Langstökk - 4,15m - 8.sæti

Héraðsleikar HSK

21.mars 2026 - Kapphal höllin Selfossi

Hástökk pilta 10 ára

Kristján Þórarinn Andrasón - 1,00m - 6-7.sæti - PB

Haraldur Ólafarson - 0,90m - 8-11.sæti - PB

Kúluvarp pilta 9 ára

Guttormur Ólafarson - 4,50m - 5.sæti - PB

Einar Waltersson - 4,35m - 6.sæti - PB

Skutlukast stúlkna 9 ára

Yrsa Líf Agnarsdóttir - 6,90m - 7.sæti - PB

60m hlaup pilta 8 ára og yngri

Heiðar Waltersson - 14,27sek - PB

Eypór Waltersson - 18,62sek - PB

Birnir Þór Hlíðdal - 11,79sek - PB

Grímur Jarl Jónsson - 11,49sek - PB

Stefán Eðvald Guðmundsson - 13,77sek - PB

Ernir Kristberg N. Jakobsson - 11,29sek - PB

Langstökk stúlkna 9 ára

Yrsa Líf Agnarsdóttir - 2,33m - 6.sæti - PB

Kúluvarp stúlkna 9 ára

Yrsa Líf Agnarsdóttir - 3,38m - 7.sæti - PB

Langstökk pilta 8 ára og yngri

Grímur Jarl Jónsson - 2,63m - 3.sæti - PB

Birnir Þór Hlíðdal - 2,62m - 2.sæti - PB

Ernir Kristberg N. Jakobsson - 2,37m - 10.sæti - PB

Stefán Eðvald Guðmundsson - 1,70m - 27.sæti - PB

Skutlukast pilta 8 ára og yngri

Ernir Kristberg N. Jakobsson - 12,32m - 1.sæti - PB

Stefán Eðvald Guðmundsson - 10,17m - 4.sæti - PB

Grímur Jarl Jónsson - 9,12m - 9.sæti - PB

Birnir Þór Hlíðdal - 8,40m - 14.sæti - PB

Heiðar Waltersson - 5,45m - 25.sæti - PB

Eypór Waltersson - 4,94m - 31.sæti - PB

60m hlaup pilta 9 ára

Einar Waltersson - 11,35sek - PB

Guttormur Ólafarson - 11,78sek - PB

Emmanúel Sveinn Víkingsson - 11,80sek - PB

60m hlaup pilta 10 ára

Kristján Þórarinn Andrason - 10,06sek - PB

Haraldur Ólafarson - 10,42sek - PB

60m hlaup stúlkna 9 ára

Yrsa Líf Agnarsdóttir - 11,92sek - PB

Langstökk pilta 9 ára

Einar Waltersson - 2,54m - 5.sæti - PB

Guttormur Ólafarson - 2,46m - 6.sæti - PB

Emmanúel Sveinn Víkingsson - 2,15m - 7.sæti - PB

Langstökk pilta 10 ára

Kristján Þórarinn Andrason - 3,26m - 1.sæti - PB

Haraldur Ólafarson - 3,06m - 4.sæti - PB

Kúluvarp pilta 10 ára

Kristján Þórarinn Andrason - 7,51m - 1.sæti - PB

Haraldur Ólafarson - 6,47m - 3.sæti - PB

Skutlukast pilta 9 ára

Einar Waltersson - 13,92m - 2.sæti - PB

Emmanúel Sveinn Víkingsson - 9,92m - 6.sæti - PB

Glímuæfingar verða í Félagslundi á mánudagskvöldum milli kl 20 og 21 út apríl.

Þjálfari er Stefán Geirsson.

Stóri Plokkdagurinn

Sunnudaginn 26. apríl 2026

Við hvetjum íbúa Flóahrepps til að taka þátt.

Hægt er að losa sig við sorp við Þingborg.

Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps



Frá Ungmennafélaginu Þjótanda

Framhaldsaðalfundur Umf Þjótanda verður haldinn í fundarherberginu í Þingborg, mánudaginn 13. apríl nk. kl 19:30.

Dagskrá:

Reikningar

Umræður og samþykkt reikninga.



Stjórn Umf Þjótanda

48. Flóahlaupið 2026

Flóahlaup Umf Þjótanda verður haldið laugardaginn 11. apríl n.k. við Félagslund.

Ræst verður kl 13:00

Kept verður í 3, 5 og 10 km hlaupi.

Skráning fer fram á hlaup.is Félagsmenn Umf Þjótanda þurfa ekki að borga þáttökugjald og eiga þar af leiðandi að skrá sig á staðnum - muna þá að mæta tímanlega.

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði fyrir keppendur í Félagslundum eftir hlaupið. Aðrir geta einnig notið þess gegn vægu gjaldi.

Athugið að ENGINN POSI er á staðnum.

Hvetjum við sem flesta til að taka þátt.

Stjórnin

Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja

Aðalfundur Bf. Gaulverja verður haldinn í Félagslundum miðvikudagskvöldið 15. apríl kl. 20:30. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem lögð verður fram tillaga um að eignir og starfsemi félagsins færist inn í nýstofnað Bf. Flóamanna.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins:

Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju	5. apríl
Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju	6. apríl
Hátíðarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	6. apríl
Fundur Sveitarstjórnar	7. apríl
Kaffihittingur 60+	8. apríl
Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	9. apríl
Flóahlaup Umf Þjótanda	11. apríl
Íþróttaskóli Umf Þjótanda	12. apríl
Framhalds-aðalfundur Umf Þjótanda	13. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps	14. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Gaulverja	15. apríl
Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna	16. apríl
Fullorðinsæfing Umf Þjótanda	16. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps	21. apríl
Víðavangshlaup Umf Þjótanda	23. apríl
Stóri Plokkdagurinn	26. apríl
Íþróttaskóli Umf Þjótanda	26. apríl
Kaffihittingur 60+	29. apríl
Fullorðinsæfing Umf Þjótanda	30. apríl

[Þjótandaæfingar mið og elsta stigs á miðvikudögum.](#)

[Þjótandaæfingar yngsta stigs á föstudögum.](#)

[Glímuæfingar - allur aldur á mánudögum.](#)